

MYNL2AT05

Eldra heiti: MYN1536

Áfanginn er byrjunaráfangi í myndlist á 2. þrepi og er undirstaða annarra myndlistaráfanga á 3.þrepi.

Undanfari: Enginn undanfari er fyrir þennan áfanga.

Stutt lýsing áfangans og markmið: Stefnt er að því að gera nemendur hæfari til að teikna og tjá sig með teikningu. Skoðaðar eru 3víddar teikningar og ólíkar nálgunarleiðir.

Skyldumæting er í alla tíma, enda um verklegan áfanga að ræða. Markmið áfangans er líka að auka menningarlæsi og menningarupplifun. Nemendur upplifa og tjá sig í vinnubókina.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Ísómetrísk teikning, fríhendis teikning, fjarvídd, undarstaða fyrir módelteikningu, ýmsar teikniæfingar ásamt heimavinnu í vinnubók; sjálfstæðar ferðir á listasöfn, kynna sér listastefnur, listamenn og menningu.

Heimavinna í vinnubók; sjálfstæðar ferðir á listasöfn, kynna sér listastefnur, listamenn og menningu og fullt af sjálfstæðri vinnu nemenda.

Námsmat: Vinna vetrarins og verkefni eru metin til einkunnar í hlutfalli við áætlaðan tíma sem varið hefur verið í þau. Nemendur skila inn skissubók nokkrum sinnum á önn og fá endurgjöf. Skissubókin og þar með sjálfstæð vinna gildir 30%.